



UPPSETNING Á BAUROC PLADE

Uppsetning á Bauroc Plade milliveggjastein

Byrjið á að athuga hvort gólfíð er slétt. Ef þörf er á, jafnið gólfíð t.d. með því að flota eða slípa það.



Mælt er með að merkja staðsetningu veggja og hurðaopa á gólf áður en hleðsla hefst. Gott er að festa réttsskeið við vegg og gólf til að auðvelda uppsetningu á fyrstu steinaröðinni.

Blandið Bauroc steinlím samkvæmt leiðbeiningum á pokaum.



Límið PE borða á gólfíð. Mælt er með 6mm þykkum borða. Meginhlutverk borðans er að stuðla að betri hljóðvist með því að slíta tengingu milli gólfs og veggjar. Borðinn virkar einnig sem teygjanlegt millilag sem minnkar líkur á sprungum sigi platan eitthvað.



Berið jafnt lag af Bauroc steinlími á PE borðann. Gætið þess að breidd lím randarinnar sé jafn breið og steinninn sem á að leggja.



Berið jafnt lag af Bauroc steinlími á þá hlið Bauroc milliveggjasteinsins sem liggur upp að vegg.



Setjið fyrsta Bauroc milliveggjasteininn á límið og bankið þétt með gúmmíhamri á enda steinsins þangað til hann er kominn á sinn stað.

Berðu steinlím á enda fyrstu einingarinnar og legðu næstu einingu þétt upp að henni.



Til að festa einingarnar saman notarðu Bauroc samskeytabita á samskeytum platnanna. Þetta tryggir að einingarnar hliðrist ekki áður en límið hefur harnað.



Til að festa veggeininguna við uppstandandi vegg, notið álpinna og sláið hann inn í vegginn með 45° halla.



Eftir að hafa lagt fyrstu röðina þá er efra borð steinanna jafnað t.d. með múrskleið. Sópið burt mylsnu og ryki. Mælt er með að leyfa fyrstu röðinni að taka sig í 30 mín áður en næsta röð er lögð. Þetta er eingöngu gert með fyrstu röð til að hún sé orðinn vel föst áður en hlaðið er uppí fulla hæð.



Berið steinlím á milliveggjaröðina til að hefja lagningu á næstu röð. Til að mynda trausta bindingu, byrjið næstu röð með mjórri einingu, þannig að raðirnar skarist um c.a. 1/3 af stein.



Berið lím á brúnir einingarinnar og setjið hana á sinn stað. Stillið eininguna nákvæmlega af með hallamáli og gúmmíhamri. Haldið síðan áfram að líma steinana með því að staðsetja þá þétt upp við hvern annan. Gætið þess að nota nægjanlegt lím þannig að ekki myndist eyður í líminu undir steinum eða á milli þeirra.



Ef veggirnir eru meira en 3 metra langir þá skal styrkja þá með Murfor styrkingu á fyrstu og síðustu röð og einnig aðra hverja röð. Mælt er með nota Murfor til styrkingar í öllum veggjum óháð lengd þeirra á jarðskjálftasvæðum og eins þegar steiptir burðarveggir hafa ekki náð fullri hörðun.



Notið Bauroc hurðabita til að brúa hurðaop. Berið steinlím á steinana eins og áður og festið hurðarbitann á sínum stað.



Fyrir veggj sem ekki eru burðarveggi er hægt að brúa allt að 1 metra op með því að nota tvo Bauroc steina sem límdir eru saman. Setjið fyrst stuðningsgrind í opið. Berið límið á Bauroc plöturnar (ekki skal bera lím á stuðningsgrindina), og setjið einingarnar á sinn stað. Fjarlægja má stuðningsgrindina þegar límið er harðnað.

Frágangur við loft / efstu röð



Mikilvægt er að skilja eftir 1-2cm bil milli lofts og efstu raðar Bauroc steinanna.

Berjið fleyga milli lofts og steins til að festa steinanna til bráðabirgða. Mælt er með að nota loftavinkla til að festa Bauroc steinana við loftið. Hafið 120-180 cm á milli vinkla (2-3 steinar).



Fyllið í holrúmið milli steina og loftaplötu með frauði. Mælt er með að nota eldtefjandi frauði.



Til að festa Bauroc vegg við steypa vegg, er eru notaðir vinklar.

Mælt er með að nota PU borða þegar hlaðið er uppað steiptum veggjum. Þetta er gert til að slíta á milli steyptra veggja og Bauroc milliveggjaeininganna, en það bætir hljóðvist og dregur úr líkum á að sprungur myndist vegna mismunandi hreyfinga á efnunum.